



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Húsavík 27. okt. 2014

Athugasemdir við Þingskjal 11 — 11. mál.

Frumvarp til laga

um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi

Almennt um frumvarpið

Því er fagnað að sett sé ein heildstæð löggjöf sem taki á þeim ívilnunum sem stjórnvöld hyggjast beita til að laða að nýfjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Slík löggjöf er líkleg til að styrkja samkeppnisstöðu landsins um slíkar fjárfestingar, ekki síst þar sem mikil samkeppni ríkir á milli landa um hana og fjármagn er auðhreyfanlegt á milli landa. Frumvarpið nú er mjög í anda fyrri laga um ívilnanir nr. 99/2010, sem féllu úr gildi í árslok 2013. Það vekur þó athygli að ákvæði sem voru í fyrri lögum og voru til þess fallin að laða til landsins þekkingardrífna atvinnustarfsemi sérstaklega, er ekki að finna í þessu frumvarpi. Þá virðist reynslan af framkvæmd fyrri laga heldur ekki vera nýtt til að betrubæta væntanlega lagasetningu.

Eftirfarandi athugasemdir eru því gerðar:

- 1) Varðandi þekkingardrífnu atvinnustarfsemina þá er ekki gert ráð fyrir neinum stuðningi við þjálfun starfsfólks eins og var í eldri lögum. Með því að bjóða ekki slíkan stuðning er beinlínis verið að draga úr líkum á uppbyggingu fjárfestingarverkefna sem efla rannsóknir og þróun og hækka þar með almennt þekkingarstig atvinnulífsins.
- 2) Það sama á við varðandi tímabundnar skattalegar ívilnanir til erlendra sérhæfra starfsmanna en slíkar ívilnanir eru þekktar í ýmsum nágrannalöndum okkar og geta reynst verðmætar við þekkingaryfirfærslu inn í íslenskt atvinnulíf.
- 3) Hin einsleita heimild til tímabundins skattafsláttar sem fram kemur í frumvarpinu fellur fyrst og fremst að hagsmunum hefðbundinnar iðnaðarframleiðslu þar sem reksturinn byggir á jafnri árlegri arðsemi til lengri tíma. Slíkt fyrrikomulag nýtist t.a.m. nýsköpunarstarfsemi ýmis konar ákaflega illa. Til að koma til móts við ýmsa slíka starfsemi er því nauðsynlegt að hafa heimildir til frekari afsláttar fyrstu árin og miða útfærsluna við það sem kæmi viðkomandi verkefni best.
- 4) Útfæra þarf heimildir til sveitarfélaga til að miða gjaldtöku vegna gatnagerðargjalda í stærri verkefnum, ekki síst þar sem um er að ræða að taka ný svæði undir atvinnustarfsemi, við kostnaðarmat/kostnaðaruppgjör þeirra í stað almennrar gjaldskrár sem miðast við einhvern „meðaltalskostnað“.

- 5) Varðandi aðrar ívilnanir en fjárhagslegar ívilnanir er frumvarpið óbreytt frá fyrri lögum þó ljóst megi vera að ákvæði nágildandi laga um eignar- og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966 eru mjög hamlandi fyrir erlenda fjárfestingu aðila utan EES svæðisins þar sem leigutími lóða undir fjárfestingu takmarkast við þrjú ár. Ekki er að finna ákvæði í frumvarpinu sem tekur á þessu. Einungis eru tilteknar undanþágur frá ákvæðum laganna um eignarhald hlutafjár, atkvæði á hluthafafundum og stjórnendur viðkomandi félaga. Eðlilegast væri að tekið yrði á þessu ákvæði í boðaðri endurskoðun laga nr. 19/1966 og þar afnumdar allar sértækar takmarkanir á tímalengd leigusamninga en lágmarkið væri þó að hann næði a.m.k. til fulls afskriftatíma viðkomandi fjárfestinga.

Um einstakar greinar frumvarpsins

7. gr.

Orðalag greinarinnar er villandi þar sem í fyrstu setningu er sagt að ívilnun á grundvelli byggðaaðstoðar geti „... numið að hámarki 15% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði...“ Í næstu setningu segir svo. „Fyrir meðalstór fyrirtæki er hámark ívilnunar 25% af fjárfestingarkostnaði og fyrir lítil fyrirtæki er hámark ívilnunar 35% af fjárfestingarkostnaði.“ Um það er að ræða að **almennt** getur byggðaaðstoð numið að hámarki 15% og svo 25% fyrir meðalstór fyrirtæki og 35% fyrir lítil fyrirtæki.

7. gr. a) og b)

Hér kann að vera erfitt að meta hvenær verkefni „ ... verði nægjanlega...“ ábatasamt og spurning hver metur og útfra hverju. Sama hlýtur að eiga við varðandi „ ...umframkostnað sem hlýst af staðsetningu fjárfestingarverkefnis í samanburði við önnur svæði.“

10. gr.

Hér vantar að setja inn ákvæði um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 19/1966 er varðar tímalengd leigusamninga undir fjárfestingar. Einnig þarf að taka af allan vafa um að undanþágur skv. greininni séu ótímabundnar ella kunna ákvæði hennar að stangast á við ákvæði 14. gr. sem kveða á um að samningur um veitingu ívilnunar skuli að hámarki gilda í 20 ár frá undirritun. Varla er það ætlun löggjafans að viðkomandi félög verði komin í 4/5 eigu íslenskra ríkisborgara eftir 20 ár o.s.frv.

Virðingarfyllst,



Reinhard Reynisson

Framkvæmdastjóri